



Reykjavík, 13. maí 2025
SFS25010201

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breyting á fjölda barna í leikskólanum Stakkaborg

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. maí 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2025, ásamt umsögn foreldraráðs Stakkaborgar, dags. 6. maí 2025, um tillöguna:

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Stakkaborg verði breytt úr 67 börnum yfir í 101 barn.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, 6. maí 2025

Umsögn foreldraráðs, ódags.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Stakkaborg

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Stakkaborg verði breytt úr 67 börnum yfir í 101 börn.

Greinargerð:

Leikskólinn Stakkaborg er í tveimur húsum og er með leyfi fyrir 67 börn. Nýtt viðbótarhúsnæði opnaði við leikskólann þann 1. febrúar 2025. Í nýja viðbótarhúsnæðinu verður pláss fyrir 40 börn. Leikskólinn Stakkaborg fer úr því að vera þriggja deilda leikskóli yfir í að vera fimm deilda leikskóli.

Í framhaldi af opnun á viðbótarhúsinu var fermetra fjöldi á barn reiknaður upp á nýtt í öllum húsum Stakkaborgar og er niðurstaðan sú að það er pláss fyrir 101 barn.

Litla húsið,	Ungbarnadeild	13.4 börn
Aðalhús,	2 deildir	46.8 börn
Viðbótarhús,	2 deildir	40.3 börn
Samtals		101 börn

Við þessa stækkun er óskað eftir að rekstrarleyfi Stakkaborgar fari úr 67 börnum í 101.



Umsögn foreldraráðs Stakkaborgar

Foreldraráði Stakkaborgar barst til umsagnar tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Stakkaborg. Samkvæmt tillögunni er lagt til að fjölda barna í leikskólanum verði breytt úr 67 í 101, í kjölfar stækkunar leikskólans.

Foreldraráð Stakkaborgar fagnar því að sjónarmið leikskólastjóra hafi verið tekin til greina og fjöldi barna verði 101. Styður foreldraráð því framlagða tillögu.

Foreldraráð Stakkaborgar - 6. maí 2025

Særún Anna Traustadóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Heba Eir Kjeld, Hanna María Heiðarsdóttir, Dagný Ósk Aradóttir Pind og Gísli Óskarsson